

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/505*  
*komudagur 6.12.2004*



Iðnaðarnefnd Alþingis  
Alþingi

150 REYKJAVÍK

TILVITNUN YÐAR


BRÉF YÐAR

TILVITNUN VOR  
TÞH/hþ  
00-22

DAGSETNING  
06.12.2004

Rafmagnsveitur ríkisins taka undir meginefni frumvarps um breytingar á raforkulögum. Meðfylgjandi eru þó þær athugasemdir sem Rafmagnsveiturnar vilja leggja áherslu á við þessa breytingu raforkulaganna.

Virðingarfyllst,

  
rafmagnsveitustjóri

06.12.2004  
PEP/hp

## Athugasemdir við Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum.

### 1. 2. gr. C-liður

Í stað orðanna “framleitt er” komi “mótekið er beint frá virkjun”.

**Skýring.** Með þessu móti er gjaldtakan bundin við þá orku sem mötuð er inn á dreifikerfi líkt og gert er í 2. tölulið 31. greinar raforkulaga en nær ekki til orku sem ekki fer inn á dreifikerfið t.d. orku sem framleidd er til eigin nota í virkjunum sem hvorki tengjast dreifikerfi né flutningskerfi.

### 2. 2. gr. D-liður

Á eftir orðunum “eðlilegt gjald” komi “sem taki mið af hagræði flutningskerfisins”.

**Skýring.** Meginhagur af dreifiveitutengdum virkjunum kemur fram í hagræði í flutningskerfi. Eðlilegt er að dreifiveitur njóti þessa hagræðis til að standa straum af tengikostnaði og til að láta smávirkanir njóta þess í samræmi við C-lið 3. gr.

### 3. 3. gr. C-liður

Í stað orðsins “veitusvæði” komi “dreifikerfi”.

**Skýring.** Virkjanir tengjast “dreifikerfi” en geta ekki tengst “veitusvæði”.

### 4. 3. gr. C-liður

Í stað orðanna “minni tapa en ella væri eða á annan hátt hagstæð” komi “hagræðis”.

**Skýring.** Meginhagur dreifikerfisins af virkjun kemur fram í viðskiptum við flutningskerfið samanber D-lið 2. gr. Kostnaður vegna tapa í dreifikerfi er hluti af forsendum fyrir tekjuramma dreifiveitu og breytist við endurskoðun tekjuramma í samræmi við raunveruleg töl. Þannig hverfur tapalækkun út úr tekjuramma dreifiveitu til lengri tíma lítið, en notendur njóta þess hagræðis.